

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Umsögn eingöngu send í gegnum Samráðsgátt stjórnvalda.

Reykjavík, 15. júní 2026

Efni: Umsögn um mál nr. S-94/2026 – Áform um breytingar á námsmatshluta aðalnámskrár grunnskóla

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur kynnt til samráðs áform um breytingar á námsmatshluta aðalnámskrár grunnskóla. Með umsögn þessari vilja Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF) einkum minna á mikilvægi fjármálalæsis og áframhaldandi eflingar þess meðal almennings.

Fjármálalæsi verði hluti aðalnámskrár grunnskóla

Í rúman áratug hafa SFF lagt áherslu á að bæta fjármálalæsi almennings og verið leiðandi í þeim efnum hér á landi. Samtökin settu fræðsluvettvanginn Fjármálavit á laggirnar árið 2014 og hafa frá árinu 2017 staðið að rekstri vettvangsins með stuðningi frá Landssamtökum lífeyrissjóða. Fjármálavit er einkum starfrækt í þeim tilgangi að efla fjármálalæsi hjá ungu fólki, með áherslu á námsefni fyrir nemendur og kennara í grunn- og framhaldsskólum. Fjármálavit hefur m.a. dreift um 21.000 eintökum kennslubóka endurgjaldslaust í grunn- og framhaldsskóla. Námskeið hafa verið haldin fyrir kennara í samstarfi við sveitarfélög og menntastofnanir til að mæta þörf fyrir aukna menntun kennara á sviði fjármála, en jafnframt má nálgast frí stafræn námskeið, kennslumyndbönd, verkefni og annað námsefni í fjármálum á heimasíðunni fjarmalavit.is.

SFF hafa reglulega látið framkvæma kannanir á fjármálalæsi á Íslandi á undanförunum árum, en í apríl 2027 voru birtar niðurstöður úr könnun sem Gallup framkvæmdi fyrir SFF fyrr á þessu ári. Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að flestir aðspurðra **töldu fólk eiga að læra um peninga og fjármál í grunnskólum, eða rúmlega 81%**, aftur á móti sögðust aðeins 12,3% svarenda hafa fengið fræðslu á þessum sviðum í grunnskólum.¹



Framboð á menntun í íslenskum grunnskólum tekur einkum mið af lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerðum settum með stoð í þeim. Í lögnum má finna skilgreiningar á hlutverki og markmiðum grunnskóla, en líkt og fram kemur í 5. kafla gildandi aðalnámskrár grunnskóla hafa tilteknir grunnþættir

¹ SFF vísa jafnframt til eldri kannana, sem framkvæmdar voru fyrir SFF á árunum 2021-2024. Hér má sjá: [Könnun Gallup á fjármálalæsi á Íslandi í evrópskum samanburði](#), [könnun Gallup á fjármálalæsi Íslendinga og viðhorfum til fjármálafræðslu](#), og [könnun Maskínu um fjármálalæsi Íslendinga á aldrinum 18-30 ára](#).

verið dregin fram út frá markmiðsgreinum laganna. Samkvæmt lögum nr. 91/2008 hafa grunnskólar tvíþætt markmið, annars vegar að bjóða upp á almenna menntun sem stuðlar að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi og hins vegar að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífi og frekara námi. Hin tvíþættu markmið grunnskóla falla vel að meginmarkmiði Fjármálavits um að fjármálalæsi verði vel skilgreint í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla, enda er fjármálalæsi á meðal þeirra atriða sem grundvalla virka þátttöku í atvinnulífi og lýðræðisþjóðfélagi. SFF hafa átt gott samtal við stjórnvöld og aðra hagaðila varðandi innleiðingu á kennslu fjármálalæsis í grunnskólum, enda er eitt helsta markmiðið með starfrækslu Fjármálavits að fjármálalæsi verði vel skilgreint í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla. Í fyrrnefndri könnun Gallup voru þátttakendur einnig beðnir um að svara eftirfarandi spurningu:



Af þeim sem tóku afstöðu sögðust **91,7% telja miklu máli skipta að fjármálalæsi verði gert að skyldufagi í grunnskólum landsins**, en aðeins um 3,1% sögðust telja það litlu eða engu. Þessar afgerandi niðurstöður sýna fram á að tilefni er til að ráðist verði í frekari breytingar á aðalnámskrá grunnskóla, en þær sem hafa verið gerðar nýlega og við þau áform sem nú eru í vinnslu. **Ekkert barn á að fara út í lífið án grundvallarþekkingar á fjármálum. Með þeim hætti jöfnum við tækifæri allra barna burtséð frá baklandi og skólahverfi til að byggja upp heilbrigðan fjárhag.**

SFF nýta hér tækifærið til þess að vekja athygli á mikilvægi þess að auka útbreiðslu fjármálalæsis hérlendis og leggja áfram áherslu á að það verði gert að skyldufagi. Að auki vilja samtökin koma ofangreindu á framfæri sem innleggi í áform um mótun ungmennastefnu fyrir árin 2026-2033. Fellur það vel að markmiðum stefnunnar þegar kemur að því **að styðja við ungmenni og tryggja þeim raunveruleg tækifæri, réttindi og rödd í samfélaginu með því að vera vel upplýst.**

Samtökin eru ávallt reiðubúinn að eiga samtöl við ráðuneytið um fjármálalæsi og frekari niðurstöður tilvitnaðrar könnunar í þeim tilgangi að eiga opið og upplýsandi samtal þegar kemur að þessum mikilvæga máli.

**Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu,**



Íris Björk Hreinsdóttir, yfirlögfræðingur SFF